

4. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu 29.08.2011

kl. 17:30

Mætt voru: Hanna Jónsdóttir, Bogi Thorarensen, Hafrún Guðmundsdóttir, Margrét Ebba Ísleifsdóttir og Hafdís Bjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

Hanna setti fund kl. 17:30 og bauð nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Staðan í dag – hvað hefur áunnist
2. Vetrarstafið.
3. Önnur mál.

1. Það sem áunnist hefur frá fyrsta fundi nefndarinnar er eftirfarandi:

- Ferlimál eru komin í betri farveg með tilkomu fleiri bekkja og lagfæringa á gangstéttum og vonandi verður haldið áfram á þessari braut.
- Búningsklefi í sundlaug fyrir fatlaða er í athugun og verður vonandi komið fyrir um leið og breytingar á núverandi búningsaðstöðu verða framkvæmdar.
- Skábraut við Norska húsið er komin
- Starfsmanni X-ins verða tryggð laun fyrir frístundastarf fatlaðra barna og unglunga.

2.

- Nefndarmenn eru sammála um að aðalverkefni nefndarinnar í vetur verði að koma áður framkomnum hugmyndum nefndarinnar í framkvæmd og stuðla að því að stefnuskrám flokkanna verði fylgt eftir.
- Jón Þorsteinn Sigurðsson hefur verið ráðinn í starf Trúnaðarmanns fatlaðra á Vesturlandi og er í athugun að fá hann til að koma og kynna starf sitt.

3.

- Rætt var um stöðu búsetu/húsnæðis mála, starfstöðvar og þar með talið heilsarsþjónustu en staða þeirra mála er enn óleyst. Nú þegar ljóst er að á næstu vikum eða mánuðum kemur gamli Skólastjórabústaðurinn til með að losna, ítrekum við hversu hentugur hann gæti verið undir starfsemi starfsstöðvar og heilsarsþjónustu. Einnig teljum við brýnt að bæjaryfirvöld marki sér stefnu í búsetu/húsnæðismálum og teljum við að fatlaðir verði látnir hafa forgang þegar íbúðir í blokkinni losna. Ákveðið að senda bréf til bæjarstjórnar til frekari árettingar og rökstuðnings.
- Starfsemi sumarþjónustunnar var að okkar mati sú besta til þessa og er það gleðiefni. Það verður þó ekki horft fram hjá því að sú aðstaða sem þessum börnum er búin er ófullnægjandi og fyrir utan útiveru er ekkert við að vera annað en tölva og sjónvarp. Brýnt er að fá til starfseminnar leikföng, spil og föndurvörur svo eitthvað sé nefnt og væri hægt að auglýsa eftir notuðum leikföngum í góðu ásigkomulagi en óhjákvæmilegt er þó að festa kaup á einhverjum vörum.

- Ítrekum beiðni okkar um að endurvinnslutunnum verði komið fyrir í kirkjugarðinum svo að hægt sé að endurnýta kertaafganga til kertagerðar. Einnig ítrekum við að hugmyndabanka verði komið fyrir í sundlauginni.
- Rætt var um þörf á Iðjuþjálfara sem væri hægt að samnýta með öðrum stofunum í bænum og hugsanlega aðkomu HVE að þeirri þjónustu og teljum að það sé eitthvað sem mætti skoða þegar betur árar.
- Hanna lýsti yfir áhyggjum sínum af vaxandi vandkvæðum við að fá fyrirtæki bæjarins til að gera örorkuvinnusamninga. Starfsstöð sem starfrækt væri allt árið gæti leyst hluta þessa vanda.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 31/10 2011 kl. 17:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Hanna Jónsdóttir (sign.),
Bogi Thorarensen Bogason (sign.),
Hafðís Bjarnadóttir (sign.),
Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir (sign.),
Margrét Ebba Ísleifsdóttir (sign),